

Fundargerð 76. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, þriðjudaginn 24. september kl. 12:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sérfræðingur og Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur 2024 - 2403003SO

Rætt um undirbúning og framkvæmd aðalfundar samtakanna sem haldinn verður 9. október 2024 á Hilton Reykjavík Nordica eins og þegar hefur verið boðað.

a) Tillaga að fjárhagsáætlun 2025-2026 lögð fram og samþykkt.

b) Skýrsla stjórnar 2022-2024 lögð fram og samþykkt.

c) Stjórn samþykkir að leggja til breytingar á stjórnarlaunum á aðalfundi þar sem miðað verði við hlutfall af þingfarakaupi. Sú tillaga er unnin í samvinnu við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Tillaga er um að þóknunin verði:

2% af þingfarakaupi á hvern fund fyrir almennan stjórnarmann.

3,5% af þingfarakaupi á hvern fund fyrir formann.

d) Stjórnin samþykkir að leggja fram á aðalfundi nýja þrepaskipta gjaldskrá vegna árgjalda næstu ára.

Tillaga að þrepunum og árgjöldunum:

1-1000 íbúar 150.000

1001-3000 íbúar 250.000

3001-5000 íbúar 350.000

5001 íbúar > 550.000

e) Stjórn samþykkir að skipa starfsnefnd um stjórnarkjör sem hefur það hlutverk að koma með tillögu að stjórn á aðalfundinum 2024 en óskað hefur verið eftir tilnefningum frá aðildasveitarfélögum. Tillaga starfsnefndar verður lögð fyrir á aðalfundi sem tillaga að næstu stjórn.

Stjórn tilnefnir eftirtalda aðila úr röðum aðildarsveitarfélaga:

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus, formaður
Hafrún Olgeirsdóttir, Norðurþing
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

Starfstími starfsnefndar er frá 25. september til og með 9. október 2024. Gréta Mar Jósepsdóttir starfsmaður samtaka orkusveitarfélaga mun vera starfsnefndinni innan handar. Starfsnefndin fær greitt fyrir fundarsetu í samræmi við reglur Sambands íslenskra sveitarfélaga um fundarsetu.

2. **Orkufundur 2024 - 2403002SO**

Formanni og starfsmanni samtakanna er falið að undirbúa og auglýsa fundinn í samræmi við umræður á fundinum.

3. **Samráð við Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - 2011004SO**

Á fundi stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga þann 21. júní 2024 var formanni falið að eiga fund með formanni Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og ræða sameiginleg hagsmunamál þessara tveggja samtaka. Það er niðurstaða þeirra fundar að samtökin eiga þó nokkur sameiginleg hagsmunamál og telja formenn samtakanna að gott væri ef stjórnir beggja samtaka myndu hittast formlega og reglulega og eiga samtal.

Stjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögunni til umræðu á aðalfundi samtakanna.

4. **Umboð - 2011004SO**

Lagt fram umboð starfsmanns að aðgangi Sambandsins að heimabanka samtakanna.

Stjórn samþykkir samhljóða að veita Rósu Hjartardóttur aðgang að heimabanka samtakanna og öðrum rafrænum gögnum er tengjast bókhaldi félagsins.

Fundi var slitið kl. 13:30